

**Golfklúbbur Mývatnssveitar hélt sína árlegu
Firmakeppni með þátttöku eftirtalinna fyrirtækja:**



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

32. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 27. ágúst 2015

Birkiholt ehf	Sel Hótel-Mývatn /Mývatn ehf
Bílaþjónustan ehf	Skútustaðahreppur
Eldá ehf	Sparisjóður S-Þingeyinga
Ferðaþjónustan Bjargi	Steindór og Anna ehf
Gamli bærinn	Sögin ehf
Hlíð ferðaþjónusta	Trésmiðja Mývatnssveitar
Hótel Reykjahlíð	Vélaverkstæðið Grímur ehf
Hótel Reynihlíð	VÍS
Íþróttamiðstöð Skútust.hrepps	Geitey ehf
Jarðböðin	Vogafjós
Jón Ingi Hinriksson ehf	Sjóva
Karl Viðar Pálsson	Reykkofinn - Litla sveitabúðin á Hellu
Landeigendur Reykjahlíð ehf	Kaffi Borgir
Mývatnsstofa	Hótel Laxá
Mýflug	Daddys Pizza
Gísli Rafn Jónsson	Vogahraun Ferðaþjónusta

Sigurvegari mótsins 2015 er Sparisjóður S-Þingeyinga

Öllum þessum fyrirtækjum eru færðar bestu þakkir

fyrir þátttökuna og stuðninginn

Golfklúbbur Mývatnssveitar

Lesendur góðir.

Ég biðst velvirðingar á að Mýflugan kemur út degi seinna en venjulega og eins að afmælis dagar eru ekki með í þessari flugu, en það er vegna tæknilegra örðugleika.

Kveðja, Hrafnhildur



Frá Íþróttamiðstöð



Íþróttamiðstöðin verður opin alla daga milli kl. 12.00 og 20.00 í september. Vetraropnun auglýst síðar.

Kveðja, starfsfólk

Óska eftir
geymsluhlássi undir hjólhýsi í vetur í sveitinni.

Anton Steinarsson 892 9158 vvams@simnet.is



Við erum bjartsýn á Hótel Laxá!

Hótel Laxá óskar eftir íbúðarhúsnæði til leigu fyrir hóteltjóra sem fyrst, í Mývatnssveit eða í nágrannabyggðum.

Vinsamlega hafið samband við Margréti hóteltjóra í síma 864 5890 eða 464 1900 eða sendið tölvupóst á margret@hotellaxa.is



Styrkir til lista- og menningarstarfs.



Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki. Nefndin metur umsóknir með menningarstefnu Skútustaðahrepps að leiðarljósi og leggur fyrir sveitarstjórn tillögur til úthlutunar.

Umsóknareyðublað má nálgast á:
<http://myv.is/eydublod-gjaldskrar-og-samthykkir/>
eða á skrifstofu Skútustaðahrepps.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn og þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnisins og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Skútustaðahrepps bréfleiðis, eða með tölvupósti á: sveitarstjori@myv.is fyrir 16. september n.k.

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps



Golf og Gufa 2015



Laugardaginn 29. ágúst verður hið árlega golfmót Golfklúbbs Mývatnssveitar, Golf og gufa, haldið á Krossdalsvelli í Mývatnssveit.

Leikfyrirkomulag er punktakeppni með forgjöf í bæði karla- og kvennaflokki. Hámarksforgjöf karla er 24 og kvenna er 28. Vegleg verðlaun eru veitt fyrir efstu þrjú sætin í hvorum flokki auk nándarverðlauna og útdráttarverðlauna úr skorkortum. Þeir sem vinna til verðlauna geta ekki tekið þátt í útdrætti.

Í verðlaun eru meðal annars kvöldverður í Vogafjösi, þyrluflug hjá Norðurflugi, flug frá Húsavík með Eagle Air, hvalaskoðun hjá Gentle Giants, Öskjuferð með Mývatn Tours og gjafabréf frá Skóbúð Húsavíkur, Reykkofofanum, Hótel Laxá og Daddi's Pizza.

Sel Hótel Mývatn býður upp á léttar veitingar eftir 9 holar. Að loknu móti er öllum þátttakendum boðið í bað í Jarðböðunum við Mývatn.

Mótsgjald er 5.000 kr. sem skal greitt í reiðufé áður en ræst er af teig. Skráning fer fram á www.golf.is



MYVATN
NATURE BATHS



Vogafjós
Restaurant - Café
Guesthouse



Kæru Mývetningar og aðrir.

Frá og með 27. ágúst til 30. september verður opnunartími í Kaffi Borgum og Mývatnsmarkaði frá kl. 10:00 – 16:00.



12. liður

Nafn á nýju hrauni og gígum norðan Vatnajökuls.

Samþykkt að stofna nefnd um nafngiftina. Nefndina skulu skipa tveir fulltrúar frá Skútustaðahreppi, fulltrúi örnefnanefndar, fulltrúi Vatnajökulsþjóðgarðs auk fulltrúa jarðvísindageirans. Nefndin skal skila tillögum til sveitarfélagsins til staðfestingar fyrir 10. október 2015. Sveitarstjóra falið að koma málinu til framkvæmdar.

Fundi slitið kl. 11:00

Yngvi Ragnar Kristjánsson
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Helgi Héðinsson
Elísabet Sigurðardóttir
Friðrik Jakobsson



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 22. fundur

haldinn að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 26. ágúst 2015, kl. 09:15.

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir, Friðrik Jakobsson.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags 13. júlí 2015.
3. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 10. júlí 2015.
4. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 14. júlí 2015.
5. Samstarfssamningur um almannavarnir í Þingeyjarsýslum.
6. Þekkingarsetur í Mývatnssveit - afgreiðsla Uppbyggingarsjóðs Eyþings.
7. Tillaga að kerfisáætlun Landsnets 2015-2024.
8. Málefni leikskóla.
9. Umsókn um framkvæmdaleyfi á Kröflusvæði dags. 12. ágúst 2015.
10. Fundargerð skipulagsnefndar frá 17. ágúst 2015.
11. Fundargerð landbúnaðar- og girðinganefndar frá 18. ágúst 2015.
12. Nafn á nýju hrauni og gígum norðan Vatnajökuls.

Efni til kynningar

Fundargerð aðalfundar Dvalarheimilis aldraðra sf. í Þingeyjarsýslum frá 1. júlí 2015.

Fundargerð aðalfundar leigufélags Hvamms frá 1. júlí 2015.

Fundargerð stjórnarfundar leigufélags Hvamms frá 1. júlí 2015.

Fundargerð stjórnarfundar Dvalarheimilis aldraðra sf. í Þingeyjarsýslum frá 1. júlí 2015.

Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 3. júlí 2015.

Fundargerðir stjórnar Eyþings frá 15. maí, 20. maí, 16. júní og 26. júní 2015.

1. liður

Oddviti setti fund.

2. liður

Borist hefur bréf frá eftirlitsnefnd Alþingis dags. 13. júlí 2015 er varðar fjármál sveitarfélagsins þar sem koma fram áhyggjur af stöðu sveitarfélagsins. Eins og greint var frá í greinargerð með ársreikningi sveitarfélagsins á 19. fundi sveitarstjórnar 27. maí 2015 þarf að sýna aðhald ásamt því að óvenjulegar aðstæður voru uppi um síðustu áramót við uppgjör síðasta árs sem skýra málið að hluta.

Frá Félagi eldri Mývetniga.

Lystitúrinn okkar verður farinn sunnudaginn 30. ágúst
frá Reykjahlíð kl. 11:00,
(en samkvæmt veðurspá ætti að verða þurrt þann dag.)

Enn er hægt að skrá sig hjá Tótu Snæ. í síma 847 0138.

Stjórnin.

Samþykkt að fela sveitarsjóra að svara bréfinu.

3. liður

Borist hefur bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dags. 10. júlí 2015.

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs mun framlag sjóðsins til Skútustaðahrepps nema 56,7 milljónum en fyrri áætlun gerði ráð fyrir 61 milljón. Slíkar sveiflur milli áætlana eru verulegar fyrir ekki stærra sveitarfélag og lýsir sveitarstjórn áhyggjum með þá þróun sem hefur orðið á framlögum Jöfnunarsjóðs til Skútustaðahrepps á undanförunum árum.

4. liður

Bréf Umhverfisstofnunar dags. 14. júlí 2015 varðandi breytingar á áformum um að byggja þriggja hæða viðbyggingu við núverandi íbúðarhús á Geiteyjarströnd yfir í það að búa til íbúðir fyrir ábúendur og afkomendur.

Skútustaðahreppur lítur svo á að nú þegar sé til staðar byggingarleyfi fyrir stækkun þessarar byggingar frá 10. september 2009. Sveitarstjórn finnst ánægjuleg þróun að ábúendur fari þá leið að búa sér til íbúðarhús í húsinu í stað hótels.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að fara yfir spurningu UST varðandi aðalskipulag og mun svara spurningum stofnunarinnar í framhaldinu.

Helgi Héðinsson vék af fundi undir afgreiðslu þessa liðs.

5. liður

Samstarfssamningur um almannavarnir í Þingeyjarsýslum.
Samþykkt að fela sveitarsjóra að undirrita samninginn.

6. liður

Þekkingarsetur í Mývatnssveit, afgreiðsla Uppbyggingarsjóðs Eyþings.

Í bréfinu kemur fram að Skútustaðahreppur hljóti styrk upp á eina milljón til að vinna að undirbúningi þekkingarseturs í Mývatnssveit. Sveitarstjórn fagnar þessari styrkveitingu og mun undirbúningsnefnd, í samstarfi við sveitarstjóra, halda áfram með málið og aðlaga framvindu að styrkveitingunni.

7. liður

Tillaga að kerfisáætlun Landsnets 2015-2024.
Umræður urðu um málið. Landsnet hefur lengt umsagnarfrést til 15. september og afgreiðslu því frestað til næsta fundar.

8. liður

Málefni leikskóla.

Sú ánægjulega þróun hefur orðið í Mývatnssveit að börnum á leikskólaaldri hefur fjölgað verulega á undanförunum árum og er staðan núna sú að leikskólinn Ylur er fullur og biðlisti byrjaður að myndast. Eitt barn hefur nú þegar fengið inni í leikskóla á Laugum og útlit fyrir að fleiri börn muni þurfa að bíða eftir pláss í leikskóla á næstu

misserum. Markmið sveitarfélagsins er að bjóða upp á sem besta þjónustu fyrir barnafólk í sveitarfélaginu og er leikskólinn mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni. Unnið er að framtíðarútfærslu varðandi samspil leikskóla og grunnskóla sem mun væntanlega verða íbúum til hagsbóta inn í framtíðina. Núverandi vandi felst í húsnæðisskorti og aðstöðu fyrir leikskólann, tvær leiðir eru til skoðunar. Annars vegar að færa efstu árganga leikskóla upp í skóla líkt og gert var fyrir nokkrum misserum og ná með því að létta á leikskólanum. Hin leiðin er að færa skrifstofu Skútustaðahrepps og auka pláss leikskólans í núverandi húsnæði og leysa þar með vandann meðan unnið er að framtíðarlausn.

Oddviti leggur til að skrifstofur Skútustaðahrepps verði fluttar upp í smíðastofu í norðurenda grunnskólans, smíðastofan verði þá færð til innan skólans. Leikskólinn fær svo auknið rými í núverandi byggingu sem ætti að geta gert það að verkum að biðlistar á leikskólanum muni ekki þurfa að myndast á næstu árum og betri vinnuástanda skapast innan leikskólans.

Sveitarsjóra og skipulagsfulltrúa í samstarfi við leikskólastjóra, skólastjóra grunnskólans ásamt formanni skólanefndar falið að fara yfir málið og koma með tillögum að framkvæmdaáætlun og kostnaðarmati á verkefninu svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um málið.

9. liður

Umsókn um framkvæmdaleyfi á Kröflusvæði dags. 12. ágúst 2015.

Borist hefur erindi frá Landsvirkjun um borun á tveimur holum við Kröflu, K-41 og K-42. Báðar holurnar eru innan núverandi vinnslusvæðis Kröflustöðvar. Ábending hefur borist frá stjórnarformanni landeigenda Reykjahlíðar ehf. um að engin ósk um umræddar framkvæmdir hafi borist landeigendum Reykjahlíðar. Skipulagsfulltrúi hefur komið ábendingunni á framfæri til leyfisbeiðanda.

Sveitarstjórn frestar málinu þar til sýnt hefur verið fram á yfirráð yfir viðkomandi vinnslusvæði.

10. liður

Fundargerð skipulagsnefndar frá 17. ágúst 2015
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina fyrir utan 4.lið í fundargerðinni sem er frestað í samræmi við bókun á 9. lið hér að framan. Undir 1.lið vék Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir af fundi.

Undir 2.lið lagði Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir fram eftirfarandi bókun: Ég leggst gegn svo auknu byggingamagni vatnsmegin vegar, verði það til að skerða útsýni á þessum stað, sem skipar mjög stóran sess í umgjörð Reykjahlíðarþorps. Afstaða þessi er í samræmi við andstöðu mína við deiliskipulag svæðisins sem samþykkt var á vordögum.

11. liður

Fundargerð landbúnaðar- og girðinganeftar frá 18. ágúst 2015.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.